

Nefndarálit

um frv. til l. um Póst- og fjarskiptastofnun.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneytinu, Sigurjón Ingvason frá Póst- og fjarskiptastofnun, Pál Ásgrímsson frá Landssímanum og Ágúst Sindra Karlsson og Ingvar Garðarsson frá Íslandssíma.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Íslandssíma hf., Persónuvernd, Landssíma Íslands hf., Póst- og fjarskiptastofnun, Vélstjórafélagi Íslands, Félagi íslenskra skipstjórnarmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Byggðastofnun.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ný heildarlög um Póst- og fjarskiptastofnun. Breytingarnar sem lagðar eru til leiðir af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á lögum um pósthjónustu og nú er lagt til að gerðar verði á lögum um fjarskipti, sbr. frumvarp til laga um fjarskipti sem liggur fyrir þinginu.

Helstu breytingar frá gildandi lögum samkvæmt frumvarpinu eru að verkefnalisti Póst- og fjarskiptastofnunar er endurskoðaður, m.a. með hliðsjón af samruna fjarskipta- og upplýsingatækni, kveðið er nánar á um upplýsingaskyldu fjarskiptafyrirtækja og póstrekkenda, kveðið er á um umsagnarrétt hagsmunaaðila áður en stofnunin tekur veigamiklar ákvarðanir, kveðið er á um skyldu Póst- og fjarskiptastofnunar til að hafa samráð við Eftirlitsstofnun EFTA og eftirlitsstofnanir í öðrum ríkjum EES, nánar er kveðið á um rétt neytenda og fjarskiptafyrirtækja til að bera fram kvartanir og loks er gjaldaheimildum laganna breytt.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Magnús Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 2003.

Guðmundur Hallvarðsson,
form., frsm.

Hjálmar Árnason.

Arnbjörg Sveinsdóttir.

Sigríður Ingvarsdóttir.

Árni R. Árnason.

Lúðvík Bergvinsson.

Jóhann Ársælsson.